

Sigurður Nordal

Sigurður Nordal stundaði nám í Oxford í Englandi árið 1917, þá 31 árs. Var talinn bjartasta von Íslendinga í íslenskum fræðum. Þá orti hann þetta ljóð. Í dægurlagaheiminum er ljóðið vinsælt nú í flutningi Ragnheiðar Gröndal.

Láttu eftirfarandi spurningar varða þér veginn í verkefninu:

- Hvers vegna er Sigurður Nordal svona merkilegur í sögunni? Dæmi og rök.
- Sigurður var líka gott skáld þótt hann hafi ekki iðkað það mikið. Hvernig skáld var hann? Dæmi.
- Ljóðið sem hér fer á eftir áttu að setja undir mælistiku nýrómantíkur – ef hægt er.

Ást

eftir Sigurð Nordal

Sólin brennir nóttina,
og nóttin slökkvir dag;
þú ert athvarf mitt fyrir
og eftir sólarlag.

Þú ert yndi mitt áður
og eftir að dagur rís,
svölun í sumarsins eldi
og sólbráð á vetrarins ís.

Svali á sumardögum
og sólskin um vetrarnótt,
þögn í seiðandi solli
og söngur, ef allt er hljótt.

Söngur í þöglum skógum
og þögn í borganna dyn,
þú gafst mér jörðina og grasið
og guð á himnum að vin.

Þú gafst mér skýin og fjöllin
og guð til að styrkja mig.
Eg fann ei hvað lífið var fagurt,
fyrr en ég elskaði þig.

Ég fæddist til ljóssins og lífsins,
er lærði eg að unna þér,
og ást mín fær ekki fölnað
fyrr en með sjálfum mér.

Ást mín fær aldrei fölnað,
því eilíft líf mér hún gaf.
Aldirnar hrynja sem öldur
um endalaust tímans haf.

Aldir og andartök hrynja
með undursamlegum nið;
það er ekkert í heiminum öllum
nema eilífðin, guð – og við